

Nd.

228. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. orðist sem hér segir:

Sömuleiðis ráðstafa þeir nauðsynlegri prentun fyrir þingið eftir fyrirmælum þess, ráða útsölumann þess prentaðs máls, sem selja skal og annast geymslu á því og um skjalasafn alþingis og bókasafn, hafa umsjón með alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga, sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

2. gr.

49. gr. laganna er numin úr gildi.